

20. fundur (aukafundur) hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps fimmtudaginn 4. júní og hófst hann kl. 08:30.**Fundinn sátu:**

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.
Einnig sat fundinn Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri.
Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Dagskrá:**1. Ljósleiðari staða mála.**

Verkefnisstjóri Ásaljóss fór yfir niðurstöðu verðkönnunar á efni í verkefnið, stöðu á undirbúningi framkvæmda og stöðu á gerð útboðsgagna sem Verkís vinnur að í samræmi við ákvörðun hreppsnefndar frá 18. maí s.l. Einnig var næsti hluti verkefnisins kynntur hreppsnefnd sem er kafli sex í kaflaskiptingu verkefnisins þ.e. framkvæmdir.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillögu verkefnisstjóra að vali á efni í verkefnið byggða á verðkönnun sem fram hefur farið og kynnt var á fundinum. Einnig samþykkir hreppsnefnd að fram fari opið útboð byggt á útboðsgögnum unnum af Verkís. Auglýsing þess efnis skuli birt í laugardagsblaði Morgunblaðsins og á heimasíðu Ásahrepps þann 6. júní n.k. Afhending útboðsgagna fer fram 11. júní n.k.

Verkefnisstjóra er falið að ljúka vinnu við verkhlutann undirbúning framkvæmda og hefja vinnu við verkhlutann framkvæmdir skv. kaflaskiptingu verkefnisins. Sveitarstjóra er falið að annast samskipti við Guðmund Daníelsson vegna þessa.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt samhljóða
Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 10:00.